

Skátaþing 16 -17. mars 2012 -Ævintýri í 100 ár-

Haldið í Höfuðstöðvum Orkuveitu Reykjavíkur

Föstudagur 16. mars 2012

Setning Skátaþings 2012.

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, setti þingið með ávarpi og ræddi um frumkvöðulinn Baden Powell og hvatti skáta til að bera skátaljósið áfram næstu 100 árin. Þá minntist hann skáta sem „farnir eru heim“.

Þinggestir sungu saman *Tendraðu lítið skátaljós*

Erindi: Gildi, þýðing og hlutverk tómsunda og félagsmála í nútímasamfélagi og staða og möguleikar skátahreyfingarinnar. Jakob Frímann Þorsteinsson, fulltrúi í fræðsluráði BÍS og aðjunkt í tómsundafræðum við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kosning fundarstjóra

Stjórn BÍS lagði til að Margrét Tómasdóttir og Ólafur Ásgeirsson fyrrverandi skátahöfðingjar, yrðu þingforsetar.

Stjórn BÍS lagði til að Þóra I. Guðnadóttir, Kópum yrði þingritari.

Tillögurnar voru samþykktar.

Skátahöfðingi Bragi Björnsson færði hreyfingunni fundarbjöllu að gjöf í tilefni af 100 ára afmæli skátastarfs á Íslandi.

Afhending heiðursmerkja og viðurkenninga

Stjórn Styrktarsjóðs skáta hefur samþykkt að veita eftirfarandi styrki:

1. Skátafélagið Kópar - Endurbygging skátaskálans Bæli – 250 þús
2. Róversveitin Ragnarök - Uppbygging nýrrar aðstöðu fyrir Róverskáta á Íslandi – 100 þús
3. Bræðrabandið - Útgáfa á geisladisk með skátasöngvum – 100 þús

Eftirtaldir voru sæmdir Þórshamri úr bronsi.

Stefanía Gyða Jónsdóttir	formaður Skátakórsins.
Þórdís Kristvinsdóttir	félagsforingi Héraðsbúa.
Guðmundur Þór Pétursson	félagsforingi Skjöldunga.

Kosning í kjörnefnd og allsherjarnefnd

Stjórn BÍS leggur til að eftirtaldir verði í allsherjarnefnd

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, stjórn BÍS
Auður Sesselja Gylfadóttir, Ægisbúum
Margrét Th. Aðalgeirsdóttir, Klakki
Hjálmar Örn Elíasson Hinz, Vífli
Guðmundur Þór Pétursson, Skjöldungum

Samþykkt samhljóða

Stjórn BÍS leggur til að eftirtaldir verði í kjörnefnd

Halldór Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi
Sigurdríf Jónatansdóttir, Eilífsbúum

Atli B. Bachmann, Radíóskátum

Samþykkt samhljóða

Tillaga frá stjórn BÍS til Skátaþings 2012.

Í ljósi þess að með breytingu sem gerð var á lögum BÍS á Skátaþingi 2011 og lítur að skilum á gögnum til BÍS mun nokkur fjöldi skátafélaga ekki njóta atkvæðaréttar á Skátaþingi 2012. Því óskar stjórn BÍS eftir heimild til Skátaþings til þess að horfa framhjá ákvæði 15. greinar laga BÍS við úthlutun atkvæða á Skátaþingi 2012.

Stjórn BÍS

Greinargerð:

Á síðustu dögum og vikum hafa stjórnir skátafélaga keppt við að ganga frá ársskýrslum, reikningum og starfsáætlunum ásamt því að undirbúa aðalfundi skátafélaganna. Því miður hefur ekki öllum félögum tekist að ljúka þessu verki nú fyrir 15. mars. Nokkur skátafélög eru með starfsár sitt og fjárhagsár frá september til ágúst á meðan flest eru með starfsár og fjárhagsár sitt frá janúar til desember.

Í ljósi þessa þykir stjórn BÍS rétt að þetta ár verði nokkurskonar aðlögunarár með tilliti til skila gagna til BÍS. Það þýðir að eftir sem áður leggur stjórn BÍS ríka áherslu á það að skátafélög haldi árlega aðalfundi þar sem lögð er fram skýrsla um starf félagsins á liðnu starfsári ásamt endurskoðuðum ársreikningi og starfsáætlun. Þessum gögnum ber síðan að skila til skrifstofu BÍS eins fljótt og verða má.

Til máls tóku: Baldur Árnason Segli og Júlíus Aðalsteinsson starfsmaður BÍS.

Tillagan samþykkt með meginþorra atkvæða.

Afhending skipunarbréfa.

Eftirtaldir félagsforingjar fengu skipunarbréf:

Una Guðlaug Sveinsdóttir, Hraunbúar
Hans Guðberg Auðunsson, Svanir
Jónína Sigurjónsdóttir, Strókur
Kristján Jóhannes Pétursson, Borgarnes

Tillaga að dagskrá Skátaþings.

Þingforseti lagði fram tillögu stjórnar BÍS að dagskrá Skátaþings.

Baldur Árnason Segull lagði til að þinginu yrði slitið kl. 16.30 laugardegi í stað kl. 16.00.

Tillaga að dagskrá samþykkt með þessari breytingu.

Skýrsla stjórnar BÍS

Skýrsla BÍS var skrifleg og fylgdi þinggögnum.

Skátahöfðingi kom í ræðustól og kallaði aðra stjórnarmenn og framkvæmdarstjóra BÍS upp á svið. Hver stjórnarmaður sagði nokkur orð um sitt svið.

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, ræddi jafnréttismál en það hallar á konur í ráðum og nefndum BÍS. Hann sagði að á árinu 2012 myndu skátar gleðjast mikið saman, m.a. á landsmóti, afmælishátíð á menningarnótt, friðarþingi, kaup ÚSÚ. Þá ræddi hann samstarf og samvinnu við önnur félagasamtök.

Halldóra Hinriksdóttir, aðstoðar skátahöfðingi, ræddi um innri uppbyggingu á starfinu, stefnumótun starfsins nýjan starfsgrunn, félagsforingjafundi og vinnufundi stjórna og ráða.

Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, ræddi , innleiðinganámskeið, foringjaþjálfun og fullorðna í skátarstarfi.

Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, ræddi nýjan starfsgrunn, ýmsa viðburði, og sagði frá könnuðamerkjum.

Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, ræddi foringjahandbækur, Góðverkadaga, ásýnd og ímyndarmótun.

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, ræddi Jamboree 2011, heimsping WAGGS, heimsping WOSM og WSM 2017

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, sagðist finna fyrir auknum skilningi opinberra aðila á starfi skáta, stuðningi frá WOSM, sagði frá öðrum styrkjum og að aðhald í rekstri Skátamiðstöðvarinnar hefði verið tekið föstum tókum.

Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri, þakkaði starfsmönnum BÍS fyrir þeirra framlag sem og góða samvinnu við skátafélögin og stjórn BÍS.

Umræður um skýrslu stjórnar BÍS.

Til máls tók Arnlaugur Guðmundsson, Landnemun, sem lýsti ánægju sinni með fallega og vel framsetta skýrslu.

Kosningar

Á Skátapingi 2012 er kosið í eftirtalin störf á vegum Bandalags íslenskra skáta, samkvæmt lögum þess:

- **Formaður alþjóðaráðs BÍS til þriggja ára.**
- **Formaður dagskráráðs BÍS til þriggja ára.**
- **Formaður fræðsluráðs BÍS til þriggja ára.**
- **4 fulltrúar í hvert fastaráða BÍS til eins árs** (alþjóðaráð, dagskráráð, fræðsluráð, upplýsingaráð, fjármálaráð).
- **2 fulltrúar í uppstillingarnefnd til tveggja ára.**
- **Löggildur endurskoðandi til eins árs.**
- **Félagslegur skoðunarmaður til eins árs.**
- **Formaður Skátaréttar til þriggja ára.**
- **1 fulltrúi í Úlfljótsvatnsráð til eins árs.**

Úlfljótsvatnsráð - 2 gefa kost á sér.

Jón Ingi Sigvaldason, Árbúum
Hólmar Þór Eðvaldsson, Kópum

Formaður dagskráráðs – 2 gefa kost á sér.

Jón Ingvar Bragason, gefur kost á sér til endurkjörs
Guðmundur Pálsson, Dalbúum.

Þessir 4 frambjóðendur kynntu sig og sín stefnumál.

Formaður kjörnefndar tilkynnti að í salnum væru 81 atkvæði.

Formaður alþjóðaráðs til þriggja ára

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, gefur kost á sér til endurkjörs.

Samþykkt samhljóða.

Formaður dagskráráðs til þriggja ára –

Jón Ingvar Bragason, hlaut 45 atkvæði .
Guðmundur Pálsson, Dalbúum, hlaut 35 atkvæði.

Jón Ingvar Bragason er því réttkjörin sem formaður dagskráráðs til þriggja ára.

Formaður fræðsluráðs til þriggja ára

Ólafur Proppé, gefur kost á sér til endurkjörs.

Samþykkt samhljóða.

Alþjóðaráð:

Jón Þór Gunnarsson, Hraunbúum/alþjóðaráði

Fríða Björk Gunnarsdóttir, Landnemun/alþjóðaráði

Arnór Bjarki Svarfdal Arnarson, Svönum

Liljar Már Þorbjörnsson, Segli

Samþykkt samhljóða.

Fræðsluráð:

Guðrún Häsler, Heiðabúum/fræðsluráði

Jakob Frímann Þorsteinsson, Garðbúum/fræðsluráði

Víking Eiríksson, Gilwellhringnum

Jóhanna Aradóttir, Svönum

Samþykkt samhljóða.

Dagskráráð:

Jakob Guðnason, Hraunbúum/dagskráráði

Sigrún Helga G. Flygenring, Vífli/dagskráráði

Þórhallur Helgason, Segli/dagskráráði

Ingólfur Mór Grímsson, Hraunbúum/dagskráráði

Samþykkt samhljóða.

Upplýsingaráð:

Davíð Mór Bjarnason, Hraunbúum/upplýsingaráði

Helga Stefánsdóttir, Árbúum

Jón Halldór Jónasson, Kópum

Erna Arnadóttir, Kópum

Samþykkt samhljóða.

Fjármálaráð:

Jón Svan Sverrisson, Vífli/fjármálaráði

Magnús Jónsson, Landnemun/fjármálaráði

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Urðarköttum

Guðfinnur Pálsson, Skjöldungum

Samþykkt samhljóða.

Löggiltur endurskoðandi til eins árs

Sigurþór Ch. Guðmundsson, KPMG, gefur kost á sér til endurkjörs

Samþykkt samhljóða.

Félagslegur skoðunarmaður til eins árs

Þóra Guðnadóttir, gefur kost á sér til endurkjörs

Samþykkt samhljóða.

Formaður Skátaréttar til þriggja ára

Börkur Hrafnsson, gefur kost á sér til endurkjörs

Samþykkt samhljóða.

Tveir fulltrúar í uppstillingarnefnd til tveggja ára

Ásgeir Ólafsson, gefur kost á sér til endurkjörs

Helga Rós Einarsdóttir, Ægisbúum,
Samþykkt samhljóða.

Úfljótsvatnsráð

Jón Ingi Sigvaldason, Árbúum hlaut 53 atkvæði
Hólmar Þór Eðvaldsson, Kópum hlaut 28 atkvæði
Jón Ingi Sigvaldason er því réttkjörinn fulltrúi BIS í Úfljótsvatnsráði til eins árs.

Reikningar BÍS

Finnbogi Finnbogason kynnti reikninga ársins 2011, sem fylgdu með í útgefinni skýrslu stjórnar BÍS.

Umræður – Til máls tóku Vilborg Norðdahl Heiðabúum, Margrét Tómasdóttir fyrrv. skátahöfðingi, Jónatan Smári Svavarsson Vífli, Þór Ólafur Hammer Ólafsson Stróki, og Hermann Sigurðsson framkvæmdastjóri BÍS.

Reikningar BÍS bornir upp og samþykktir einróma.

Árgjald til BÍS

Tillaga:

Stjórn BÍS leggur til við Skátaping 2012 að árgjald skátafélaganna til BÍS verði óbreytt, kr. 400,- fyrir hvern starfandi skáta starfsárið 2012-2013.

Greinargerð.

Stjórn BÍS markaði þá stefnu að árgjald skátafélaganna til BÍS sé samsvarandi árgjaldi BÍS til WOSM og WAGGGS.

Þetta er svo nú.

Tillagan borin upp til atkvæða. Samþykkt með einu mótatkvæði.

Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár

Finnbogi kynnti

Umræður – Baldur Árnason Segli, Hermann Sigurðsson framkv.stjóri BÍS og Finnbogi Finnbogason

Fjárhagsáætlun BÍS borin upp og samþykkt samhljóða.

Starfsáætlun BÍS til 5 ára.

Hermann Sigurðsson kynnti starfsáætlun BÍS.

Athugasemdir komu um að nokkur atriði vantað á þessa starfsáætlun m.a. Jota/Joti ráðstefnur 2012 - 2014, Friðarþing í haust, World Scout Moot 2013. Einnig hvort rétt væri að Landsmót skáta verði í júlí 2012 – 2014 og 2016? Fram kom að ekki hefur verið tekin ákvörðun um Landsmót skáta eftir 2014.

Farið verður yfir athugasemdir og lagfært.

Tillögur

Tillögur til Skátapings 2012

Tillaga um Roverskátun.

Hjálmar Hinz, Vífli, mælti fyrir tillögu sinni:

Skátaping felur stjórn BÍS að stofna starfshóp sem skuli vinna að nýrri Róverskátadagskrá. Hópurinn skal meðal annars skipaður Róverskátum og störf hans fara fram í samstarfi við starfandi Róverskátasveitir. Hópurinn skal sérstaklega athuga hverskonar verkefni henti Róverskátum og í framhaldinu hvort þau gefi tilefni til að hækka Róverskátaldurinn.

Umræður: Til máls tóku Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir fræðslustýra BÍS og Krisján J. Pétursson Skf. Borgarness.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Skátaheit

Niðurstaða þriggja nefndarmanna skátaheitisnefndar (sjá fylgiskjal)

Halldóra Hinriksdóttir sagði frá og kynnti nefndarálitid.

Niðurstaða tveggja nefndarmanna skátaheitisnefndar (sjá fylgiskjal)

Guðrún Häsler og Sveinn Þóhallsson Heiðabúum kynntu álitid.

Baldur Árnason Segli kom með dagkráartillögu um að felldir yrðu niður fyrstu 2 liðir þingfundar á laugardeginum og þess í stað verði umræður um skátaheit.

Umræður um skátaheitið og tillögu Baldurs. Til máls tóku Guðmundur Þór Pétursson, Skjöldungum, Gunnar Atlason, Mosverjum, Arnlaugur Guðmundsson, Landnemun, Jónína Sigurjónsdóttir, Stróki

Halldóra Hinriksdóttir aðstoðarskátahöfðingi svaraði og sagði að vegna hópavinnu eftir þessi erindi væri nánast ómögulegt að fella þau niður. Þar með yrði hópavinnan ómartæk.

Þingforseti lagði til að umræður um skátaheit yrðu fyrsta mál á dagskrá þingfundar daginn eftir og frestaði síðan þingfundi til kl. 9:00 á laugardag.

Skátapíngi frestað kl. 23:45 til kl. 09:00 daginn eftir.

Laugardagur 17. mars

Framhald þingfundar

Bragi Björnsson kynnti að nú yrði Skátapíngi 2012 fram haldið. Hann tilkynnti jafnframt að báðir þingforsetar hefðu forfallast og óskaði eftir að þingfulltrúar samþykktu að hann stýrði þinginu til loka þess.

Samþykkt samhljóða.

Skátaheit frh.

Framhald umræðna frá kvöldinu áður.

Ólafur Proppé stjórn BÍS, lagði fram eftirfarandi tillögu:

Skátapíng haldið í Reykjavík 16. – 17. mars 2012.

Felur stjórn BÍS að standa fyrir opinni umræðu um skátaheitið, orðalag þess og merkingu á næstu mánuðum. Haldin verði a.m.k. tvö opin málþing fyrir lok þessa árs og þess freistað að þá liggja fyrir tillaga um orðalag skátaheitisins sem unnt verði að taka til málefnalegrar umræðu og formlegrar afgreiðslu á Skátapíngi 2013.

Umræður: Til máls tóku Ólafur Proppé, Sveinn Þóhallsson, Heiðabúum, Þorvaldur Sigmarsson, Kópum, Guðrún S. Ólafsdóttir, Skjöldungum, K. Gauti Torfason, Kópum, Liljar Már Þorbjörnsson, Segli, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðst skátahöfðingi, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Ægisbúum, Una Guðlaug Sveinsdóttir, Hraunbúum, Guðmundur Þór Pétursson, Skjöldungum.

Páll Viggósson, Skjöldungum/Smiðjuhópnum, lagði fram tillögu um slit á umræðum og að gengið yrði til atkvæða um tillöguna.

Þingheimur samþykkti slit á umræðum.

Þá var tillaga Ólafs Proppé tekin til afgreiðslu og samþykkt samhljóða.

Erindi: Flutt voru þrjú erindi sem inngangur að hópavinnu:

Árið framundan: Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, flutti erindi um stöðu skátafélaga í Evrópu (WOSM) og stöðu Íslands til samanburðar

Staða skátastarfs í Evrópu: Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, flutti erindi um framvindu á þróun skátabandalaga innan Evrópu. Sérstaklega litið til Írlands. Hvernig gengur að innleiða nýjan skátagrunn, fjölga sjálfboðaliðum og styrkja rekstur skátafélagana?

Tengsl okkar við „WOSM leiðina“: Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, flutti erindi um það hvernig BÍS nýtir sér það efni og þá þekkingu sem finna má hjá WOSM og aðildarbandalögum þess.

HópaVinna I

Hóparnir eru:

- A. Gilwell leiðtogaþjálfun: umsjón Ólafur Proppé
- B. Stjórnun skátafélaga: umsjón Bragi Björnsson og Halldóra G. Hinriksdóttir
- C. Stuðningur BÍS við skátafélög: umsjón Hulda Sólrún Guðmundsdóttir

Hádegisverður

HópaVinna II

Hóparnir eru:

- A. Fjármál skátafélaga: umsjón Jón Ingvar Bragason
- B. Fullorðnir í skátastarfi: umsjón Benjamín Axel Árnason
- C. Er innleiðingin á réttri leið: Halldóra G. Hinriksdóttir

Niðurstöður úr vinnu hópanna eru aðgengileg í sérstöku skjali.

Afmælisárið: Farið var yfir það helsta sem framundan er í tilefni 100 ára afmælis skátastarfs á Íslandi:

Dagskrá afmælisársins: Elsí Rós sagði frá hinum ýmsu atburðum afmælisársins og kynnti Þórgný Thoroddsen sem hafa mun umsjón með skátadagskrá Menningarnætur. Sagði frá sýningu í Árbæjarsafni og að Atli Bachmann yrði „umsjónarmaður“ Væringjaskálans og fleiri viðburðum á döfinni.

Landsmót skáta 2012: Hrólfur Jónsson mótstjóri Landsmóts skáta 2012 kallaði mótstjórn á svið og kynnti hana og sagði frá dagskrá ofl.

Friðarþing í Reykjavík: Jenný Dögg Björgvinsdóttir og Unnsteinn Jóhannsson kynntu þessa dagskrá, sem verður haldin á alþjóðavísu. Ekki er alveg ljóst hvort þingið verður í Hörpu en mikill hugur er til þess.

Önnur mál og kynningar frá skátafélögum

Landnemamót: Kristinn Arnar og Kári Brynjarsson kynntu Landnemamót í Viðey 22. – 24. júní 2012 og afhentu skátafélögunum kynningarplagöt.

Rödd ungra skáta: Una Guðlaug Sveinsdóttir, Hraunbúum, formaður vinnuhóps um málið sagði frá verkefninu og benti á að í gögnum þingsins væri kynning á því.

Kostnaður á Landsmót 2012: Jakob Guðnason, Fossbúum, spurði um sundurliðun á verði þátttakenda.

Hermann Siguðsson svaraði að þetta hefði verið kynnt á síðasta félagsforingjafundi BÍS.

Roverway í Finnlandi: Ingveldur Ævarsdóttir, Mosverjum, í fararstjórn á Roverway 2012, sagði frá fyrirhugaðri ferð á vegum BÍS á mótið. Benti á að enn væri pláss fyrir þá sem ekki færu á landsmótið, en Roverway er á sama tíma.

Kveðja frá Írlandi: Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, flutti kveðju frá Írlandi og sagði að þar væri einmitt verið að halda upp á St. Patricks day.

Útilífsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni: Hreiðar Oddsson Kópum/framkvæmdastjóri ÚSÚ minnti á að í gögnum þingsins væri verðskrá ÚSÚ og hvatti skátafélög til að nýta sér aðstöðuna. Einnig

kynnti hann nýtt tilboð til skátafélaga sem felst í því að skátafélög geta fengið frítt tjaldsvæði inn við Fossá, nema þegar skátamót eru á staðnum.

Útilíf er skátalíf: Guðmundur Björnsson, Ægisbúum, kvaðst stoltur af því að vera skáti og minnti á að Útilíf er skátalíf.

Gott þing: Þór Ólafur Hammer Ólafsson, Stróki, þakkaði gott og friðsamt þing

Tillaga um útfærslu á 15. grein laga: Baldur Árnason, Segli, bar fram tillögu þess efnis að stjórn BÍS útfærði 15. grein laga BÍS með þeim hætti að í stað dagsetningarinnar 15. mars, komi orðið árlega þannig að skátafélög geti skilað gögnum hveær sem er á árinu.

Samþykkt að vísa málinu til stjórnar BÍS.

Dagskrártillaga: Jakob Guðnason kom með dagskrártillögu að Skátaþingi verði slitið kl. 16.00.

Samþykkt með 4 mótatkvæðum.

Þingslit

Bragi Björnsson skátahöfðingi, þakkaði SSR gestgjafahlutverk þingsins, sem þeir leystu með sóma. Þakkaði OR lánið á aðstöðunni og einnig þakkaði hann stjórn og starfsmönnum BÍS fyrir þeirra þátt í undirbúningi og framkvæmd Skátaþings.

Hann þakkaði þingheimi gott þing, málefnalegar umræður og samhljóm, þó menn skiptust á skoðunum.

Las síðan hvatningarorð frá Baden Powell og óskaði skátafélögum velfarnaðar í starfinu.

Skátaþingi slitið kl.16.01